




LANDABRÉF



Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

2. tbl. 1. árg. ágúst 1979.

Fundur um landafræði í grunnskólum 25. ágúst.

Fyrsta starfsnefnd Landfræðifélagsins var grunnskólanefndin sem fékk það verkefni að fjalla um stöðu landafræðinnar í samfélagsfræðinámi grunnskólanna. Í nefndina voru skipuð þau Þuríður Ástvaldsdóttir, Ragnar S. Þorsteinsson og Eggert Lárusson. Nefndin skilaði af sér álit í lok maí og kynnti Tryggvi Jakobs-son það á fundi hjá samfélagsfræðinefnd Menntamálaráðuneytisins sem haldinn var í Stóru-Tjarnaskóla í júní. Meginefni þessa álits grunnskólanefndarinnar er fordæming á því að samkvæmt námsskrá virðist landafræði eiga að hverfa úr námi í 7., 8. og 9. bekk grunnskóla. Þetta álit okkar var hardlega gagnrýnt af samfélagsfræðinefndinni. Vegna alls þessa hefur stjórn Landfræðifélagsins ákveðið að boða til almenns félagsfundar um stöðu landafræðinnar í samfélagsfræðinámi grunnskólanna. Fundurinn verður haldinn laugardaginn 25. ágúst n.k. kl. 14 í stofu 201 í Arnagarði.

Allir félagsmenn sem vilja láta sig þessi mál nokkru skipta eru hvattir til að mæta á fundinn allir sem einn. Á fundinum verður tekin afstaða til þessara mála og mörkuð stefna um hver afstaða félagsins verður til þessara viðhorfa í framtíðinni. Vætanlega verða bá einnig skipaðir starfshómar til að kanna þessi mál ofan í kjölinn og gera tillögur. Stjórnin telur að hér sé um að ræða mjög brýnt mál sem muni varða stöðu landafræðinnar í þessu landi mjög í framtíðinni.

Ritaskrá 1978 og 1979

Hér að neðan verður birt skrá yfir öll þau rit og greinar sem vitað er til að birst hafi um landafræði Íslands á árinu 1978 og það sem af er þessu ári. Ef lesendur vita um einhver rit eða greinar sem ekki eru á skránni og fjalla um landafræði Íslands eru þeir beðnir um að láta Sigfús Jónsson vita, því þessi skrá er upphafið að þeirri viðleitni félagsins að halda saman slíkum upplýsingum. Munu nýjar heimildir birtast í næsta töl.

- Bjarni Reynarsson (1978) "Fólksflutningar til Reykjavíkur",
Fjármálatíðindi 25. árg., nr. 1, bls. 40-65.
- Bjarni Reynarsson (1979) "Maðurinn í borgarumhverfi", bls. 89-93
í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Björn Matthíasson (1978) "Þróun fólksfjölgunar á Íslandi",
Fjármálatíðindi 25. árg., nr. 2, bls. 126-39.
- Björn G. Ólafsson (1979) "Hlutverk borga í hagþróun", erindi nr.
21 í Maður og borg, útg. Líf og land.
- Coull, J.R. og Sigfús Jónsson (1979) "Iceland after the Cod War",
Geography vol. 64, nr. 2, bls. 129-33.
- Davíð A Gunnarsson (1979) "Framboð og eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu", Fjármálatíðindi 26. árg., nr. 1,
bls. 35-43.
- Framkvæmdastofnun ríkisins (1978) Austurlandsáætlun síðari hluta.
(höf. Hagvangur h.f.)
- Framkvæmdastofnun ríkisins (1978) Iðnþróunaráætlun fyrir Rangárvallasýslu. (höf. Björn G. Ólafsson og Sigurður Guðmundsson).
- Framkvæmdastofnun ríkisins (1978) Skeggjastaðahreppur: Byggnáðbrúnar-
aráætlun 1978-83. (höf. Ingimundur Sigurpálsson,
Karl Bjarnason og Sigurður G. Þorsteinsson)
- Framkvæmdastofnun ríkisins (1978) Sjávarútvegur á Vestfjörðum.
(höf. Sigfús Jónsson og Karl M. Kristjánsson)
- Framkvæmdastofnun ríkisins (1979) Samgöngur á Suðurlandi. Þrög.
(ýmsir höf.)

- Guðrún Ólafsdóttir (1979) "Um sel og selstöður í Grindavíkurbreppi", ritgerð í Afmælisriti Ólafs Hanssonar.
- Ingvi Þorsteinsson (1979) "Landgæði fyrr og nú", bls. 15-24 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Jóhannes Nordal (1979) "Orkulindir Íslands og hagnýting þeirra", Fjármálatíðindi 26. árg., nr. 1, bls. 5-22.
- John, B.S. (1978) "Fish for survival in Vestfirðir", Geogr. Magaz., vol. 51, nr. 1, bls. 63-66.
- Logi Kristjánsson (1979) "Borg og land", erindi nr. 3 í Maður og borg, útg. Líf og land.
- Orkustofnun (1978) Veðurfar í Þjórsárverum. (höf. Magnús Jónsson)
- Orkustofnun (1978) Jarðgrunnskortlagning. Tillögur um litaval og tákn. (höf. Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson)
- Orkustofnun (1978) Iðjusvæði. Frumathugun á staðarvali til iðnreksturs. (höf. Emil Bóasson og Sigríður Hauksd.)
- Orkustofnun (1978) Orðalisti og skýringar yfir heiti og hugtök í vatnafræði og skyldum greinum. (höf. Árni Hjartarson)
- Orkustofnun (1979) Iðjusvæði. Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978. (höf. Emil Bóasson)
- Orkustofnun (1979) Vatnsbúskapur Austurlands. 2. Rannsókn 1978. (höf. Árni Hjartarson)
- Páll Bergþórsson (1979) "Veðurfar á Íslandi", bls. 3-8 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Sigfús Jónsson (1979) "Breytingar á landnotkun í landbúnaði á Suður- og Vesturlandi 1957-76", Fjármálatíðindi 26. árg., nr. 1, bls. 54-66.
- Sigfús Jónsson (1979) "Dreifing sóknar skuttogara". Ægir 72. árg., 5. tbl., bls. 311-19.
- Sigfús Jónsson (1979) "Búsetuþróun frá 1940", bls. 85-88 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Sigurður Guðmundsson (1979) "Skipulag og áætlanagerð", bls. 77-83 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.

- Sigurður Guðmundsson (1979) "Landnotkun og skipulag", erindi nr. 20 í Maður og borg, útg. Líf og land.
- Sigurður Guðstafsson (1979) "Framreikningur mannfjöldna á Íslandi 1978-2003", Fjármálatíðindi 26. árg., nr. 1, bls. 23-34.
- Sigurður Þórarínsson (1979) "Að búa á eldfjalli", bls. 9-14 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Sveinn Runólfsson (1979) "Gróðurþróun", bls. 167-72 í Maður og umhverfi, útg. Líf og land.
- Valdimar Kristinsson (1978) "Samgöngur og ferðamál", Fjármálatíðindi 25. árg., nr. 3, bls. 214-28.
- Wood, C.C. (1978) Lava tubes: their morphogenesis and role in flow formation. Ph.D. ritg. Univ. of Leicester.
- Yngvi Þór Loftsson (1978) "Aldursskipting í Reykjavík 1975" Fjármálatíðindi 25. árg., nr. 1, bls. 66-79.
- Þórður Þorbjarnarson (1979) "Samgöngur í borg", erindi nr. 16 í Maður og borg, útg. Líf og land.
- Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar (1979) Búferlaflutningar á Höfuðborgarsvæðinu I. Flutningatengsl Reykjavíkur. (höf. Bjarni Reynarsson)
- Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar (1979) Búferlaflutningar á Höfuðborgarsvæðinu II. Heildarstraumar. (höf. Bjarni Reynarsson)

ritaskrá

Eitt langtímaverkefni sem Landfræðifélagið ætlar sér að vinna að er að semja ritaskrá um landafræði Íslands. Til að skjóttur árangur náist er talið rétt að vinna þetta verk í áföngum og birta jafnóðum niðurstöður. Auðveldasta leiðin að þessu markmiði gæti verið sú að taka saman ritaskrá eftir höfundum, tímabilum, svæðum eða sviðum. Þeir sem vilja starfa að þessu verkefni eru hvattir til að hafa samband við Eggert Lárusson. Einnig eru menn beðnir um að senda félaginu skrá yfir útgefin ritverk sín.

Kortabók Íslands

Í janúar 1977 sendu um 20 stofnanir og samtök fulltrúa á fund þar sem rætt var um gerð íslenskrar kortabókar. Ákveðið var að óska þess við Landmælingar Íslands, Seðlabankann og Framkvæmdastofnun ríkisins að þessar stofnanir tilnefndu hver einn mann og jarðfræðiskor tvo menn til að vinna að málinu. Í nefndina voru tilnefndir Svavar B. Pálsson, Valdimar Kristinsson, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Þórarinnsson og Gylfi Már Guðbergsson. Ritari nefndarinnar hefur verið Guðrún Ólafsdóttir.

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktunartillaga svohljóðandi: "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa forgöngu um útgáfu kortabókar Íslands". Allsherjarnefnd Alþingis mælti með samþykkt tillögunnar og hafði áður fengið umsagnir ýmissa stofnana. Nefndin kallaði á sinn fund Gylfa Má Guðbergsson og samkvæmt upplýsingum hans kom fram að verkið myndi sennilega kosta 150 milljónir króna, en kostnaður dreifast á nokkur ár.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð, þar á meðal náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál er settur fram á myndrænan hátt. Hlutverk þessarar kortabókar er að verða upplýsinga- og heimildarit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Einnig yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli. Hún yrði einnig notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Í framhaldi af þessu skipaði ríkisstjórnin nefnd til að gera tillögur um hvernig best yrði staðið að þessu verki.

B.S. ritgerðir við H.Í. árið 1978

Akveðið hefur verið að birta skrá í Landabréfinu yfir allar B.S. ritgerðir í landafræði við H.Í. Að þessu sinni birtist skrá yfir ritgerðir sem skilað var til prófs 1978. Í næsta Landabréfi birtist væntanlega skrá yfir ritgerðir ársins 1979. Nokkrir gáfu Landabréfinu leyfi til að birta efnisyfirlit ritgerða sinna og er það hér með þakkað.

Birgir H. Sigurðsson, MOSFELLSSVEIT. NÁTTÓRUFAR OG BYGGÐ. Jan. 1978. Bls. 1-81. Efnisyfirlit: 1. ÖTDRÁTTUR. 2. INNGANGUR. 3. NÁTTÓRUFAR. 3.1. Landmótun. 3.2. Landslag. 3.3. Veðurfar. 3.3.1. Vindar. 3.3.2. Úrkoma. 3.3.3. Hiti. 3.4. Gróðurfar. 3.5. Jarðhiti. 3.6. Neysluvatn. 3.7. Malarnám. 4. BYGGÐ. 4.1. Vöxtur Reykjavíkur á kostnað Mosfellssveitar. 4.2. Náttúru-
far og byggð. 4.3. Byggðin fyrir 1950. 4.4. Myndun þéttbýlis og byggingarframkvæmdir eftir 1950. 5. LOKAORÐ. Heimildaskrá. Ljósmyndir.

Guðjón Guðmundsson, GRINDAVÍK. ÞRÓUN BYGGÐAR 1940-1975. Maí 1978.

Guðmundur Guðmundsson, MYNDRÆN TÓLKUN OG BREYTINGAR FERÐATÍMA Á ÍSLANDI. Júní 1978. Bls. ii-iv, bls. 1-36. Efnisyfirlit: Myndaskrá. Inngangur. I. VINNUAÐFERÐIR. II. ÞRÓUN SAMGANGNA Á ÍSLANDI. III. MYNDRÆN TÓLKUN FERÐATÍMA Á ÍSLANDI. Niðurstöður. Heimildir.

Guðmundur Sigvaldason, BÓSKAPUR OG BÓSKAPARSKILYRÐI Í KELOUHVVERFI. Okt. 1978. Bls. 1-36. Efnisyfirlit: I. INNGANGUR. I.1. Lega og landslag. I.2. Sögulegt ágríp. I.3. Byggð. II. EÐLISRÆN BÓSKAPARSKILYRÐI Í KELOUHVVERFI. II.1. Gróðurfar. II.2. Veðurfar. II.3. Ræktunarskilyrði. II.4. Skilyrði til búfjárræktar. III. BÓSKAPUR Í KELOUHVVERFI 1974-1976. III.1. Túnastærð. III.2. Heyfengur. III.3. Búfjárfjöldi. III.3.1. Sauðfé. III.3.2. Nautgripir. III.3.3. Hross. III.3.4. Alifuglar. III.3.5. Geitur. III.3.6. Samantekt. III.4. Afurðir. IV. LOKAORÐ. Heimildaskrá.

Guðrún Þ. Gísladóttir, ÍBÚAR Á SELTJARNARNESI, 1960-1975. Okt. 1978.

Halldór Eiríksson, ATHUGUN Á VAXTARMÖGULEIKUM HVERAGERÐIS. Sept. 1978. Bls. 1-40. Efnisyfirlit: INNGANGUR. 2. VINNUAÐFERÐ - KENNING ÞRÖSKULDARGREININGAR. 3. HVERAGERÐI. 4. ÞRÖSKULDAR- GREINING HVERAGERÐIS. 5. NIÐURSTÖÐUR. Heimildaskrá.

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, ÚTIVISTARSVÆÐI UTAN ÞÉTTBYLIS FYRIR ÍBÚA REYKJAVÍKUR OG REYKJANESKJÖRDÆMIS: ATHUGUN Á HENGILS- SVÆÐINU. Jan. 1978. ||

Jón Gauti Jónsson, LANDNÝTING Í BREIÐUVÍKURHREPPI. Feb. 1978. Bls. 1-75. Efnisyfirlit: 1. LANOSLAG. 1.1. Inngangur. 1.2. Fjöll. 1.3. Fjallshlíðar. 1.4. Láglandi. 1.5. Ár og vötn. 1.6. Ströndin. 2. JARÐFRÆÐI OG LANDMÓTUN. 2.1. Inngangur. 2.2. Jarðfræði og landmótun Breiðavíkurhrepps. 3. JARÐVEGUR OG GRÓÐURPEKJA. 4. VEÐURFAR. 4.1. Inngangur. 4.2. Hitafar. 4.3. Úrkoma. 4.4. Vindar. 4.5. Skýjahula. 4.6. Niðurstöður. 5. DÝRALÍF. 6. LANDNÝTING FYRRI ALDA. 6.1. Inngangur. 6.2. Landnýting- dreifing byggðar. 6.3. Verstöðvar. 6.4. Vertíðir. 6.5. Hnignun. 7. NÓVERANDI ÍBÚAR OG BYGGÐ. 7.1 Fólksfjöldi og dreifing byggðar. 7.2. Atvinnuskipting. 7.3. Landbúnaður. 7.4. Sjávarútvegur. 7.5. Iðnaður. 7.6. Byggingastarfsemi. 7.7. Þjónusta. 7.8. Samgöngur. 7.8.a. Samgöngur á landi. 7.8.b. Samgöngur í lofti. 7.8.c. Samgöngur á sjó. 7.8.d. Póstur og sími. 7.9. Rafmagn. 8. ÖNNUR LANDNÝTING. 8.1. Sumarbyggð. 8.2. Úti- vist og ferðalög. 8.3. Náttúrumynjar. 8.3.a "undir Jökli". 8.3.b Ströndin við Stapa og Hellna. 8.3.c Smáhraunin Klifhraun og Hnæsahraun. 8.3.d Sönghellir og Bárðarlaus. 8.4. Forn- minjar. 8.5. Álög og bannhelgi. 9. NIÐURSTÖÐUR. Lokaorð.

Sverrir Magnússon, LANGANESSTRÖND, BYGGÐ? ÍBÚAR, ATVINNULÍF. Júní 1978. Bls. 1-34. Efnisyfirlit: 1. INNGANGUR. 2. ÞRÖUN BYGGÐARINNAR 1841-1975. 2.1. Byggð 1841-1930. 2.2. Byggð 1931-1975. 2.2.1. Sveitin. 2.2.2. Bakkafjörður. 3. ÍBÚAR. 3.1. Fólksfjöldi í Skeggjastaðahreppi á 20. öld. 3.2. Aldurs- og kyn- skipting. 3.3. Atvinnuskipting og tekjur. 3.3.1. Atvinnuskipting. 3.3.2. Tekjur. 4. ATVINNULÍF. 4.1. Landbúnaður. 4.2. Sjávar- útvegur. 4.2.1. Yfirlit. 4.2.2. Útgerð og fiskvinnsla. 5. SAMGÖNGUR. 5.1. Vegamál. 5.2. Flugmál. 5.3. Hafnarmál. 6. NIÐURSTÖÐUR. 6.1. Tillögur um úrbætur í landbúnaði. 6.2. Tillögur um uppbyggingu sjávarútvegs. 6.3. Lokaorð. Heimildaskrá.

Rannsóknir í landafræði í Háskóla Íslands

Fyrir skömmu kom út Rannsóknaskrá Verkfræði- og raunvísindadeildar H.Í. 1977 - 1978. Þar er getið um eftirtalin rannsóknaverkefni í landafræði.

Gróðurkortagerð - gróðurrannsóknir. Stjórnendur Ingvi Þorsteinson og Gylfi Már Guðbergsson. Frá 1961 hefur G.M.G. unnið að hluta hjá Atvinnudeild Háskólans og síðan Rannsóknastofnun landbúnaðarins við gróðurkortagerð og aðrar gróðurrannsóknir. Vorið 1975 gerðu H.Í. og Rannsóknastofnun landbúnaðarins með sér samning um rannsóknir og rannsóknæðstöðu G.M.G.

Árið 1977 var aðallega unnið við gróðurkortagerð í byggð í Suður-Þingeyjarsýslu og í Kelduhverfi og Öxarfirði í Norður-Þingeyjarsýslu. Árið 1978 var unnið í Fnjóskadal, Öxarfirði, Melrakkasléttu, Hólsfjöllum og í Krepputungu. Árið 1977 komu út 12 gróðurkort, 5 af byggð (1:20 000) og 7 af hálendi (1:40 000).

Kortagerð eftir Landsatmyndum. Tilgangur þessarar rannsóknar er að athuga hagnýtt gildi mynda frá Landsat jarðkönnunarhnöttum til að flokka gróður, mæla stærð gróins lands og freista þess að gera yfirlitskort af landinu sem sýni gróin svæði.

Verkefnið hófst 1977. Þrjár Landsatmyndir voru athugaðar, en takmarkaður árangur náðist, bæði við flokkun gróðurs og mælingar. Svo nefnt "Interactive Multispectral Image Analysis System" (Image-100) var einkum notað við flokkun gróðurs. Niðurstöður þessara frumathugana voru m.a. þær að Image-100 veitti takmarkaða möguleika til flokkunar gróðurs. Tækið getur aðeins sýnt 9 mismunandi geislunarflokka, sem byggist á litlu úrtaki (3,5% myndflatarins). Haldið verður áfram með verkefnið 1979 og aðra flokkunaraðferðir þá reyndar.

Breytingar á byggð og búsetu á Íslandi á 20.öld. Stjórnandi Guðrún Ólafsdóttir. Rannsókn á fækkun fólks í sveitum og þéttbýlismyndun og breytingar á byggðinni í landinu sem hún hefur haft í för með sér. Þessi rannsókn er gerð m.a. með það í huga, að

hún geti orðið grundvöllur að yfirlitskortum í almennri íslenskri kortabók.

Þróun búsetu og búskaparháttanna í Breiðafjarðareyjum. Guðrún Ólafsdóttir. Markmið rannsóknarinnar er að leita svara við þeirri spurningu hverjar séu eðlisrænar forsendur fyrir búsetu í Breiðafjarðareyjum og dreifingu hennar og að athuga, hvort og hvernig dreifing byggðarinnar og tengsl milli eyja og milli lands og eyja hafi breyst með breytingu í búskaparháttum og atvinnulífi. Til verksins er leitað fanga bæði í prentuðum og óprentuðum heimildum, viðtölum við núverandi og brottflutta íbúa eyjanna, athugunum á loftljósmyndum og kortum, gömlum og nýjum, og vettvangsrannsóknum. Vonast er til að þetta verk geti orðið upphaf að heildarrannsókn á byggð og nýtingu eyja við Ísland í nútíð og fortíð.

FRÆDSLUFERÐ

Akveðið hefur verið að fyrsta fræðsluferð félagsins, og sú eina á þessu ári, verði farin laugardaginn 8. september. Farið verður suður með sjó, um Vatnsleysuströnd og Rosmhvalanes. Lagt verður af stað kl. 10 f.h. stundvíslega frá Jarðfræðahúsi Háskóla Íslands. Leiðsögumenn verða Hörður Gíslason, landfræðingur, og Bryndís Bjartmarsdóttir, landfræðinemi. Hörður skrifði B.S. ritgerð um Rosmhvalanes, en Bryndís vinnur nú að ritgerð um íbúa og atvinnulíf á Vatnsleysuströnd. Einnig mun Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur, verða til leiðsagnar um jarðfræði svæðisins. Áætlað er að ferðin endi með kokskolun í Stúdentakjallaranum um kvöldið. Ferðin verður alhliða skoðunarferð þó megináhersla verði lögð á landafræði svæðisins. Þátttakendum skal bent á að hafa með sér bæði jarðfræðikort og grunnkort af svæðinu. Besta grunnkortið er sennilega kort Army Map Service í mælikvarðanum 1:50000. Einnig skal fólki bent á að vera hlýlega klætt og að hafa með sér nesti.

Landfræðitímarit

Í þessu tölublaði Landabréfs svo og næstu tölublöðum er ætlunin að kynna stuttlega helstu landafræðitímarit sem gefin eru út erlendis.

Geographical Magazine er mjög fjölbreytt tímarit sem er ætlað að ná bæði til landfræðinga og almennings. Flestar greinar ritsins eru ríkulega myndskreyttar og eru í flestum tilfellum frásagnir af einhverju landsvæði eða einhverju afmörkuðu vandamáli víðsvegar að úr heiminum. Ekki er beint hægt að líta á ritið sem vísindarit þar sem það birtir ekki niðurstöður rannsókna en hins vegar er ritið mjög fróðlegt aflestrar. Heimilisfang ritsins er 1 Kensington Gore, London SW7 2AR og kemur það út mánaðarlega. Áskriftarverð er 4000 - 5000 kr. á ári.

Regional Studies er rit sem sérhæfir sig í öllu því er varðar byggðamál svo sem iðnþróun, verslun, búferlaflutningum og framkvæmd byggðastefnu. Ritið inniheldur einungis greinar sem eru niðurstöður rannsókna og uppfylla ákveðnar vísindalegar kröfur. Meirihluti greina fjallar um bresk efni þótt flest tölublöð innihaldi einnig eina eða tvær greinar frá öðrum löndum. Áskrift að tímaritinu sem kemur út fjórum sinnum á ári er innifalin í félagsgjaldi í Regional Studies Association, en það er 4000 - 5000 kr. á ári. Félagið gefur einnig út fréttabréf og heldur fjölmargar ráðstefnur. Heimilisfang þess er 62 Chandos Place, London WC2N 4HH.

ritnefnd

Hér með er auglýst eftir fólki sem vill hjálpa til við ýmis þau störf sem vinna þarf til að koma Landabréfinu út hverju sinni. Þessi störf eru vélritun, prófarkalestur, útlits- og fyrirsagnateikning, setja límmiða á og svo framvegis. Hlutverk ritnefndar yrði einnig að hjálpa til við útvegum efnis í Landabréfið. Þjóðið ykkur fram.

Norðandeild

Stjórn Landfræðifélagsins hefur skipað starfsnefnd til að starfa sem undirdeild í félaginu með Norðurland sem starfssvæði. Eftirtaldir hafa verið skipaðir í nefndina:

Helgi Hallgrímsson, Brekkugötu 13, Akureyri.

Páll Bergsson, Austurbyggð 4, Akureyri.

Tryggvi Jakobsson, Tjarnarlundi 8j, Akureyri.

Tilgangurinn með stofnun þessarar starfsnefndar er að þjóna félögum sem búsettir eru á Norðurlandi. Af verkefnum sem nefndinni hefur verið falið má nefna fyrirlestrahald, fræðsluferðir og kynningarfundir. Rétt er að vekja athygli á því ákvæði í 6. gr. laga félagsins um starfsnefndir þar sem segir: "er hverjum félagsmanni heimilt að starfa með þeim sem fullgildum félögum". eru allir þeir norðanmenn sem starfa vilja með nefndinni hvattir til að gefa sig fram við einhvern þremminganna.

ferðanefnd

Þetta sumar verður farin ein ferð. Stjórn Landfræðifélagsins hefur þó fullan hug á að gera betur í framtíðinni. Talið er sjálfsagt að setja á stofn sérstaka ferðanefnd til að starfa að skipulagningu ferðalaga í framtíðinni með stjórninni. Allir þeir sem hafa áhuga á að ferðast með félaginu í framtíðinni eru hvattir til að starfa í nefndinni og tilkynna sig til Eggerts. Tilgangur þessara ferða er að kynna félagsmönnum sem best landfræði minni svæða og staða. Ferðaleiðir framtíðarinnar verða valdar með tilliti til þess að einhverjir landfræðingar hafi stundað þar rannsóknir. Áskilegt er að ferðirnar verði undirbúnar þannig að leiðsögumenn haldi fyrirlestur um efnið áður en að lagt yrði af stað og kynntu þannig fyrirfram það helsta af því sem skoðað yrði.

Ísland staðsett

Gervitungl eru til margra hluta nyttsamleg. Dagana 8-20. ágúst verður þess freistað, með hjálp gervitungla, að staðsetja Ísland nákvæmlega á jarðarkringlunni. Þetta er gert með því að hlusta á merki frá gervitungli samtímis á Íslandi, Færeyjum, Skotlandi, Jan Mayen og Grænlandi. Önnur íslenska hlustunarstöðin verður staðsett í Geldingaholti í Hreppum, en hin á Norðausturlandi. Með þessari aðferð er þess vænst að hægt verði að staðsetja Ísland með nákvæmni upp á 3 metra. Tilgangurinn með þessu er sá að fá sem fyllstar upplýsingar um nákvæma legu þessara landa t.d. vegna ákvarðana landhelgislína. Verk þetta er unnið undir stjórn prófessors Þorbjörns Sigurgeirssonar og Braga Guðmundssonar forstöðumanns Landmælinga Íslands.

fjölögum félögum

Landfræðifélagið hefur fengið mjög góðar viðtökur meðal áhugamanna um landafræði. Þegar þetta Landabréf kemur út er félagatalan orðin um 160. En samt þarf félagið að eflast að mun ef það á að geta þjónað tilgangi sínum að fullu. Félagum þarf því að fjölga verulega. Hér með skorum við á alla þá sem hafa hug á að gerast félagar, en ekki hafa komið því í verk enn, að láta verða af því hið allra fyrsta. Einnig skorum við á alla félagsmenn að leggja sitt af mörkum til að efla félagið með því að hver og einn bæti við a.m.k. einum féлага. Hæfilegt markmið til að keppa að er að koma félagatölunni upp í 300 fyrir árslok. Þess má geta að stofnanir, bókasöfn og skólar geta gerst félagar. Fyrir dyrum standa ýmsar fjárfrekar framkvæmdir, einkum útgáfa tímarits. Til að hafa bolmagn til að koma því út þurfa sjóðir félagsins að gildna að mun, og félögum að fjölga. Tökum nú á.

Eggert Lárusson

orðanefnd

Eins og skýrt var frá í síðasta fréttabréfi var sett á laggirnar starfsnefnd til að semja skrá um orð og hugtök í landafræði. Stjórn Landfræðifélagsins hefur skipað Ólaf H. Óskarsson formann nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar er að taka saman skrá um íslensk landfræðiorð. Þar sem hér er um mikið verkefni að ræða, sem vart mun vinnast nema á löngum tíma, er talið rétt að vinna verkið í áföngum til að árangur náist sem fyrst og birta niðurstöður jafnóðum og verkið vinnst. Þeir sem hafa hug á að starfa í orðanefnd Landfræðifélagsins eru hvattir til að hafa samband við formann nefndarinnar sem fyrst. Einnig eru þeir sem sýslað hafa við að íslenska erlend orð í landafræði og skyldum greinum vinsamlegast beðnir um að rita hvert orð á spjald í stærðinni A7 og senda Ólafi sem fyrst. Vonandi verður hægt að birta fyrsta orðalistann fyrir árslok 1979.

Styrkur til framhaldsnáms

Memorial University í St. John's á Nýfundnalandi hefur áhuga á að fá góðan íslenskan stúdent til framhaldsnáms í landafræði sem myndi standa í 2 ár og leiða til M.A. eða M.Sc. prófs. Landafræðideildin þar hefur 22 fastráðna kennara með mjög misjöfn áhugasvið og er því um margs konar möguleika á námi og rannsóknum að ræða. Í boði er styrkur að upphæð 4000 kanadískir dollarar á ári, eða sem svarar 1200 þús. íslenskum krónum. Þar af þarf að greiða skólagjöld sem nema um 300 þús. íslenskum krónum. Nánari upplýsingar gefur Sigfús Jónsson s.28531.

Doktorsritgerð

Að því er best er vitað hefur aðeins einn Íslendingur samið doktorsritgerð í hagrænni landafræði til þessa. Það var Ástvaldur Eydal sem fékk doktorsnafnbót fyrir ritgerð sem nefndist "Some Geographical Aspects of the Fisheries of Iceland", við University of Washington í Seattle í Bandaríkjunum. Ritgerð Ástvalds skiptist í eftirtalda kafla:

1. Introduction
2. Geographical and Biotic Factors Affecting the Location of the Fisheries.
3. Principal Commercial Species of Fish.
4. The Fishing Fleet.
5. Fishing Gear and Fishing Grounds.
6. Historical Background and the Location of the Fisheries.
7. Processing Methods and Location of Processing Facilities.
8. Marketing of Fish Products.
9. Fisheries Research.
10. Conservation Problems.
11. The Territorial Strife.
12. The Fisheries Industries as a Political Factor.

Ritgerðin er mjög fróðleg aflestrar og fjallar að mestu leyti um sjávarútveg á tímabilinu frá 1945 til 1960.

stjórn félagsins

Eggert Lárusson formaður Birkimel 10 R. s.19586.

Bjarni Reynarsson varaform. Hraunbæ 90 R. s.26102v.

Guðrún M. Gunnarsdóttir ritari Klapparstíg 13A R. s.28502.

Sigríður Hauksdóttir gjaldkeri Mávahlíð 4 R. s.20389.

Sigfús Jónsson meðstjórnandi Njálsgötu 73 R. s.28531h/25133v.

Ólafur Ö. Haraldsson meðstj. Kaplaskjólsv. 33A R. s.12719h/83666v.

Ólafur H. Óskarsson meðstjórnandi Logalandi 16 R. s.3C871h/27744v.

LANDBROT

"Fljótshlíð er líklega beinasta byggð á landinu. Sé dregin bein lína frá yzta bænum til þess innsta, frá Núpi að Fljótsdal, sem er rúmlega 20 km., eru allir bæir innan við þúsund metra fjarlægð frá þeirri línu, nema þrír, nfl. Aurasel, sunnan Þverár (3 km), Tunga (um 1¹/₂ km) og Vatnsdalur (5 km) og er síðastnefndur bær sá eini sem ekki sést er sveitin er farin á enda. Í Fljótshlíð eru yfir 50 býli ..."

(Skúli Skúlason í Árbók F.Í. 1931, bls. 12).

"Sjálfur er ég alinn upp í útkjálka-veiðistöð á aflaleysisárum. Máttu menn þar illa við því að láta nokkurn hlut fara í sjóinn aftur, af því litla, sem úr honum fékkst; úr öllu varð að gera sér "mat" og ég get sagt það sveitungum mínum til mállegs lofs, að það var gert; það fór tæplega nokkur "slorskúfur" (innýfli) í sjóinn aftur, hvað þá annað. Alt var hirt. Slorinu var safnað í gryfjur (slorforir), til áburðar á túnin, hausar allir hirtir til manneldis eða skepnufóðurs, hryggir (dálkar) barðir eða helt á þá sjóðandi vatni handa skepnum, eða þurrkaðir til eldsneytis; sömuleiðis var raski af skötu og hrognkelsum brent, eftir að það hafði legið riggt og þornað sem áburður á túnunum."

(Bjarni Sæmundsson í Ægi 1923 bls. 165-66).

"Því hefur oft og löngum verið haldið fram að sérhvert land og jafnvel sérhvert hérað hafi áhrif á viðmót og skapgerð íbúanna, -að hugur og hjarta beri síns heimalands mót. Samkvæmt því væri síst að undra hótt Húnvetningar væru nokkuð einhykkir og sundurlyndir. Héraðið er víðleitt og sundurleitt. Hvar dalur hefur til skamms tíma verið heimur út af fyrir sig"....."Um Húnvetninga og héraðseinkeni þeirra hefur margt verið skrafað og skrifað. Hygg ég að það eigi rót sína að rekja til ummæla Jóns Þspólin en hann taldi Húnvetninga ýmist héraðsríka ribbalda eða misindismenn".

(Jón Þyborsson í Árbók Ferðafélagsins 1958 bls. 23).

Frá stjórn félagsins

Fyrirlestrar

NÚ í haust hefst reglulegt fyrirlestrahald Landfræðifélagsins og verða fyrirlestrarnir haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 20:30 í stofu 201 í Árnagarði. Fyrsti fyrirlesturinn verður þ. l. október. Átlunin er að hafa umræður og fyrirspurnir að loknum hverjum fyrirlestri og síðan að ljúka kvöldinu með kaffiveitingum. Verður reynt að bjóða upp á fyrirlestra á sem flestum sviðum landafræðinnar. Búið er að ákveða efni og fyrirlesara fram að áramótum og ákveðið er að prófessor Sigurður Þórarinnsson verði með fyrirlestur eftir áramót. Að öðru leyti er fyrirlestradagskrá eftir áramót óákveðin. Dagskráin fram að áramótum er sem hér segir.

1. október kl. 20:30, Gylfi Már Guðbergsson:
Gervitungl og gróðurkort.
5. nóvember kl. 20:30, Ólafur Örn Haraldsson:
Félagskerfi Reykjavíkur - heimili, atvinna og skóli.
3. desember kl. 20:30, Sigurður Guðmundsson:
Bygðamál í hnotskurn.

Inga I. Guðmundsdóttir
Bröðlubrekku 1
200 Kópavogi